

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 11. janúar 2024

Mál nr. E-5868/2022:

**A**

(Guðmundur Sæmundsson lögmaður)

**gegn**

**B og**

**Vátryggingafélagi Íslands hf.**

(Þórarinn Sigurbergsson lögmaður)

## Dómur

### I

Mál þetta sem var höfðað með stefnu, birtri 9. desember 2022, var dómtekið 14. desember 2023. Stefnandi er A, [...], en stefndu eru B, [...], og Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefnda, B, og réttur stefnanda til greiðslu bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir af völdum vinnuslyss þann [...]. ágúst 2018 við [...]. Þá krefst stefnandi greiðslu málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk greiðslu málskostnaðar.

### II

Hinn [...]. ágúst 2018 varð stefnandi fyrir slysi við störf sín hjá stefnda, B. Umræddan dag var stefnandi að hífa steypueiningar með bílkrana vörubifreiðar upp á flatvagn. Stefnandi stóð uppi á flatvagninum þegar hann féll niður af honum á jörðina. Engin vitni voru að slysinu en stefnandi telur að hann hafi stigið út af pallinum.

Í lækni-fræðilegum gögnum málsins skömmu eftir slysið er skráð að atvikið hafi orðið þannig að stefnandi hafi fengið aðsvif og dottið aftur fyrir sig af pallinum eða með þeim hætti að stefnandi hafi gleymt sér og gengið aftur á bak fram af festivagninum. Þá segir á öðrum stað að stefnandi hafi fallið af vörubílspalli. Í stefnu kemur fram að stefnanda hafi skrikað fótur, en við aðalmeðferð málsins tók lögmaður stefnanda fram að horfið hefði verið frá þeirri atvikalýsingu. Þá tók lögmaður enn fremur fram að ekki væri talið að stefnandi hefði fengið aðsvif og að líta bæri svo á að um misskráningu hefði verið að ræða hjá Landspítala sem hefði síðan smitast áfram yfir í önnur vottorð í málinu.

Stefnandi bar síðan fyrir dóminum að hann teldi sig hafa dottið vegna þess að hann hefði stigið út af pallinum.

Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlitsins sem kom samdægurs á slysstað. Í tilkynningu stefnda, B, til Vinnueftirlitsins, dags. 17. september 2018, er tildrögum slyssins lýst þannig að þegar starfsmenn hafi verið að hífa einingar á flatvagn hafi kranastjóri gleymt sér augnablik, stigið af vagninum og fallið til jarðar.

Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið, dags. 30. apríl 2019, er tildrögum slyssins lýst þannig að stefnandi hafi staðið uppi á flatvagnspalli við hífingar og flutning á steypueiningum sem flytja átti á verkstað B nálægt [...]. Stefnandi hafi staðið uppi á flatvagnspallinum og verið að ganga á honum „þegar honum skrikaði fótur og féll niður á jörð um 155 cm fall“. Er tekið fram í umsögninni að stefnandi hafi langa starfsreynslu hjá B sem bílstjóri. Í umsögninni kemur einnig fram að B hafi gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði fyrir vinnustaðinn, þ.m.t. áhættumat og áætlun um forvarnir, og að stefnandi sé með tilskilin vinnuvélaréttindi. Var það niðurstaða rannsóknar Vinnueftirlitsins að rekja mætti orsök slyssins til eftirfarandi þátta: að skipulagi verkefnisins við hífingar á steypueiningum væri ábótavant, staðsetningar stjórnanda á bílkrana við hífingar og að fullnægjandi fallvarnir hafi vantað.

Í tilkynningu stefnanda um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 14. janúar 2019, segir: „Starfsmenn eru að hífa einingar á flatvagn, gleymir kranastjóri sér augnablik og stígur af vagni og fellur til jarðar.“ Í læknisvottorði Á læknis, dags. 31. janúar 2020, segir: „Stóð upp á vörupalli, gekk of langt aftur á bak og féll niður tæpa 2 metra af pallinum á steinsteypa stétt.“ Þá segir í læknisvottorði v/umsóknar um örorkubætur, dags. 23. desember 2020: „[...] gekk aftur á bak og féll niður hátt í 2 metra niður á steinsteypa stétt.“

Fyrir liggur að stefnandi hefur aukin ökuréttindi sem veita honum m.a. réttindi til að stjórna bæði vörubifreiðinni sem verið var að lesta og krananum sem notaður var til verksins. Þá hafði stefnandi starfað hjá B og unnið sambærileg störf í um 20 ár þegar slysið varð og hafði oft flutt steypueiningar á þann hátt sem hann gerði umræddan dag.

Með matsgerð C læknis, dags. 21. október 2020, var varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda metin 12%, en varanlegur miski og örorka stefnanda hefur ekki verið metin samkvæmt skaðabótalögum. Hafa bætur verið greiddar stefnanda á grundvelli fyrirbyggjandi matsgerðar úr slysatryggingu launþega hjá stefnda VÍS.

Stefnandi óskaði eftir afstöðu stefnda VÍS til bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda B með bréfi, dags. 18. desember 2020. Með bréfi, dags. 6. maí 2021, hafnaði stefndi VÍS bótaskyldu og vísaði til þess að ekkert athugasvert hefði verið við verklagið og að að mati stefnda stæðist skýrsla Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins ekki skoðun.

Með bréfi, dags. 28. maí 2021, var málinu skotið til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var sú að stefnandi ætti ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda B hjá stefnda VÍS.

Stefnandi gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Skýrslu vitna gáfu starfsmenn stefnda B, þeir D og E. Verður framburði þeirra lýst eftir því sem tilefni gefst til í niðurstöðum dómsins.

### III

#### *1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því að stefndi, B, beri skaðabótaábyrgð á vinnuslysinu sem hann varð fyrir vegna þess að orsök slyssins megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað B og ófullnægjandi verklags sem stefndi bar ábyrgð á. Byggir stefnandi málatilbúnað sinn einkum á því að skortur á fallvörnum hafi verið orsök þess að hann féll niður af flatvagninum umræddan dag. Við munnlegan flutning málsins lagði lögmaður stefnanda áherslu á að leggja bæri til grundvallar að stefnandi hafi gleymt sér og bakkað út af pallinum.

Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið fyrir tímabundnu og varanlegu líkamstjóni í slysinu sem stefndu beri að bæta að fullu skv. skaðabótalögum nr. 50/1993. Um líkamstjón stefnanda vísar stefnandi til læknisfræðilegra gagna og matsgerðar C læknis, dags. 21. október 2020.

Stefnandi byggir á því að stefndi B beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann varð fyrir í slysinu þann [...]. ágúst 2018 á grundvelli sakarreglu íslensks skaðabótaréttar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð.

Stefnandi byggir á því að stefndi B hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerðum settum með stoð í lögunum með því að hafa ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum. Stefnda hafi borið að ganga úr skugga um og tryggja öryggi og góðan aðbúnað við framkvæmd vinnu og aðbúnað á vinnustaðnum, sbr. 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980. Í ákvæðum laganna felist að atvinnurekandi beri ábyrgð á því að hægt sé að framkvæma vinnu þannig að ekki skapist hætta á slysum eða heilsutjóni.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar Vinnueftirlitsins séu orsakir slyssins m.a. raktar til þess að verklagi við hífingar hafi verið ábótavant og að fullnægjandi fallvarnir hafi ekki verið til staðar. Er á því byggt af hálfu stefnanda að honum hafi ekki staðið til boða fullnægjandi fallvarnir, að einfaldur búnaður hefði tryggt öryggi stefnanda og getað komið í veg fyrir slysið. Í raun hafi verklagsreglur stefnda verið þær að ekki þyrfti að nota fallvarnarbúnað við vinnu nema í hæð yfir 2 metrum. Stefnandi hafi á slysdegi verið að vinna í 1,55 metra hæð og samkvæmt verklagsreglum stefnda átti hann ekki að nota fallvarnarbúnað. Að mati stefnanda voru framangreindar verklagsreglur ófullnægjandi.

Með því að hafa ekki fullnægjandi fallvarnir tiltækar braut stefndi B gegn 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja en þar er lögð sú skylda á atvinnurekanda að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota innan fyrirtækisins hæfi verkinu og að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsu sé hættu búin. Stefnandi byggir einnig á því að verklagsreglur stefnda, B, um að fallvarnarbúnaðar væri ekki notaður í hæð undir 2 metrum hafi ekki verið í samræmi við kröfur gr. 4.1.1–4.1.6 í II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 þar sem koma fram kröfur sem þarf að uppfylla við notkun tækja þegar starfsmenn eru í fallhættu. Stefnandi vísar einnig til gr. 14 í A-hluta IV. viðauka og gr. 33.9 í B-hluta reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð nr. 547/1996.

Stefnandi byggir einnig á því að verklagi við hífingar hafi verið ábótavant sem hafi átt sinn þátt í orsökum slyssins en verulega skorti á að skipulag vinnu við hífingar hafi verið öruggt. Þannig hafi engar vinnureglur verið til staðar varðandi umrætt verk og jafnframt engar fallvarnir sem hefðu getað komið í veg fyrir slys stefnanda. Að mati stefnanda hefði mátt skipuleggja umrætt verk með öðrum hætti og öðrum tiltækum búnaði. Með öðru fyrirkomulagi hefði verið hægt að koma í veg fyrir þá hættu sem stefnandi þurfti að setja sig í með því að vinna verkið ofan á flatvagnspallinum án fallvarnarbúnaðar.

Stefnandi telur ljóst að stefndi, B, og verkstjóri hafi með framangreindri háttsemi brugðist skyldum sínum og að orsakir slyss stefnanda verði raktar til þess. Verkstjóri stefnanda hafi haft yfirumsjón með því hvernig umrætt verk var unnið og vísar stefnandi til þess að stefndi, B beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem hljótist af störfum verkstjóra á grundvelli sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Að þessu leyti er vísað til ákvæða 21. gr. laga nr. 46/1980 þar sem kveðið er á um að verkstjóra beri að sjá um að öruggt skipulag sé ríkjandi á þeim vinnustöðum sem hann hafi umsjón með.

## *2. Helstu málsástæður og lagarök stefndu*

Stefndu mótmæla öllum kröfum og málsástæðum stefnanda og krefjast sýknu. Telja stefndu ósannað að stefndi, B eða starfsmenn hans hafi valdið slysi stefnanda eða eigi sök á slysi hans, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögætrar háttsemi B né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Af því leiði að skilyrði bótaskyldu úr frjálsri ábyrgðartryggingu stefnda, B, hjá stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., séu ekki til staðar, sbr. 4. gr. skilmála vátryggingarinnar nr. AA20.

Mál þetta fari eftir almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar utan samninga. Leiði af þeim reglum að sönnunarbyrðin hvíli óskipt á þeim sem krefjist skaðabóta. Á stefnanda hvíli því sönnunarbyrðin um það hvaða atvik hafi verið að baki kröfu hans og að orsakatengsl séu milli tjónsins og atvikanna. Jafnframt hvíli sönnunarbyrðin um

ætlaða sök og ólögmeta háttsemi stefnda, B, eða starfsmanna hans alfarið á stefnanda og að orsakatengsl séu milli þeirrar ætluðu sakar og ólögmetu háttsemi og tjónsins. Takist sú sönnun ekki komi ekki til ábyrgðar stefndu.

Það sé afstaða stefndu að leggja verði til grundvallar um málsatvikalýsingu þá atvikalýsingu sem komi fram í frumgögnum málsins. Það sé í samræmi við dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands. Við úrlausn málsins þurfi því að leggja til grundvallar að stefnandi hafi fengið aðsvif og dottið aftur fyrir sig af palli festivagnsins eða að hann hafi gleymt sér og gengið aftur á bak fram af festivagninum.

Stefndu byggja þannig á því að tjón stefnanda verði annað hvort rakið til aðsvifs málskotsaðila eða óhappatilviks og aðgæsluleysis stefnanda sjálfs sem felist í því að hann hafi gleymt sér og gengið aftur á bak fram af festivagninum.

Stefnandi hafi búið yfir mikilli reynslu og sérmenntun tengt því starfi sem hann vann er slysið varð. Verkefnið hafi verið einfalt og hættulítið, auk þess sem stefnandi hafði framkvæmt slíkt verk í ótal mörg skipti yfir langan tíma. Þurfti stefnandi því ekki sérstaka leiðsögn eða verkstjórn við verkið umfram fyrirmæli verkstjóra um að framkvæma verkið.

Er það afstaða stefndu að ekkert í gögnum málsins sýni fram á eða leiði að því líkum að nokkuð hafi verið athugavert við verklagið. Stefndu hafna því þannig að nokkuð við framkvæmd verksins hafi verið í andstöðu við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 eða reglugerð um notkun tækja nr. 367/2006. Framkvæmd verksins hafi verið í fullu samræmi við ákvæði laganna og reglugerðarinnar, auk þess sem sá búnaður sem stefnandi notaði, flatvagn, flutningabifreið og bílkrani, hafi verið í fullu samræmi við ákvæði þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og þágildandi reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004. Búnaðurinn hafi því hæft verkinu vel og verið til þess fallinn að vinna hafi mátt verkið án þess að öryggi starfsmanna eða heilsu stafaði hætta af.

Í öllu falli hafi stefnanda ekki tekist að sýna fram á það í hverju hin meinta saknæma vanræksla felist eða að orsakatengsl séu á milli hinnar meintu saknæmu vanrækslu og slyss stefnanda en sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda. Þannig hafi hvorki Vinnueftirlitið né stefnandi sýnt fram á það hvernig hefði átt að skipuleggja verkið með öðrum hætti eða með hvaða öðrum tiltæka búnaði.

Stefndi hafnar því að í umsögn Vinnueftirlitsins felist sönnun á saknæmri vanrækslu stefnda, B, eða starfsmanna hans. Er það afstaða stefndu að orsakir slyssins sé ekki að rekja til þeirra atriða sem talin eru upp í skýrslunni, þ.e. skipulags verkefnisins, staðsetningar stjórnanda eða ófullnægjandi fallvarna.

Stefndu mótmæla þeirri niðurstöðu umsagnar Vinnueftirlitsins að rekja megi slysið til þess að skipulagi verkefnisins við hífingar á steypueiningunum hafi verið ábótavant. Framkvæmd verksins hafi verið í fullu samræmi við viðurkennd viðmið og

ekki hafi verið bent á í hverju hið meinta frávík felist. Verkið hafi alltaf verið unnið með þeim hætti sem gert var í umrætt skipti. Stefnandi hafi búið yfir áralangri reynslu sem bílstjóri hjá B og hafði hann unnið verk sem þetta og önnur sambærileg áður og þekkti best sjálfur hvernig haga ætti slíkri vinnu. Hann hafi þannig séð sjálfur um skipulag og stjórn verksins eftir að hafa fengið fyrirmæli frá verkstjóra um að flytja einingarnar. Sú framkvæmd hafi verið í fullu samræmi við það sem eðlilegt sé og viðurkennt. Þannig séu ekki orsakatengsl milli þess hvernig verkefnið var skipulagt og slyssins. Hefði verkið ekki verið unnið með þeim hætti sem gert var í umrætt skipti hefði það í öllu falli verið í andstöðu við viðurkennt verklag.

Stefndu mótmæla jafnframt þeirri niðurstöðu umsagnar Vinnueftirlitsins að rekja megi slysið til rangrar staðsetningar stefnanda. Þvert á móti var stefnanda nauðsynlegt að vera uppi á palli flatvagnsins til þess að geta framkvæmt verkið, verkið verði ekki unnið með öðrum hætti og verk af þessu tagi hafi lengi verið og séu enn unnin með sama hætti í dag.

Stefndu mótmæla að lokum þeirri niðurstöðu umsagnar Vinnueftirlitsins að slysið verði rakið til þess að fullnægjandi fallvarnir hafi vantað. Fallvörnum á flatvagninum verði ekki komið fyrir. Eðli flatvagna sé, eins og nafnið gefi til kynna, að flytja farm sem skagi út fyrir pallinn. Pallurinn sé ekki útbúinn skjólbörðum eða öðrum fallvörnum, hann er flatur. Slíkur búnaður sé ekki á flatvögnum og þess vegna hafi flatvagn verið notaður til að flytja umræddar einingar. Steypueiningarnar sem verið var að flytja hafi þannig útilokað að slíkum fallvarnarbúnaði yrði komið fyrir og vagninn ekki hannaður til þess. Þá verði ekki séð hvernig hafi átt að koma fyrir öðrum fallvarnarbúnaði sem hefði nýst. Þá sé hvergi í lögum, reglugerðum eða öðrum háttennisreglum áskilið að notaður sé fallvarnarbúnaður í vinnu á flatvagni í 1,55 metra hæð.

Vinnueftirlitið hafi í umsögn sinni ekki nefnt eða lagt til hvernig hafi átt að haga vinnunni með öðrum hætti eða lagt til úrbætur á verklagi. Telja stefndu að umsögn Vinnueftirlitsins standist ekki skoðun þar sem athugasemdirnar fari gegn viðurkenndu verklagi og að ekki hafi verið lagðar til raunhæfar úrbætur.

Að lokum byggja stefndu á því að jafnvel þótt málsatvikalýsing stefnanda verði lögð til grundvallar hafi stefnandi ekki sýnt fram á það að stefndi, B, eða starfsmenn hans hafi valdið slysi stefnanda eða eigi sök á slysi hans, hvorki á grundvelli saknæmrar ólögmætrar háttsemi B né á grundvelli reglna um vinnuveitendaábyrgð. Slysið verði eftir sem áður aðeins rakið til óhappatilviks og aðgæsluleysis stefnanda sjálfs sem stefndu verði ekki gerðir ábyrgir fyrir. Verkið hafi verið framkvæmt samkvæmt viðurkenndu verklagi, umsögn Vinnueftirlitsins um orsakir slyssins standist ekki skoðun og ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli þeirra atriða sem þar er fjallað um og slyss stefnanda.

#### IV

Málsaðilar deila um það hvort stefndi, B, beri skaðabótaábyrgð á slysi sem stefnandi varð fyrir við vinnu sína hjá félaginu hinn [...]. ágúst 2018, þegar hann féll niður af flatvagni. Telur stefnandi að hin saknæma háttsemi stefnda, B, felist í því að hafa ekki haft nægilegar öryggisvarnir á vinnustaðnum með því að tryggja að til staðar væru fullnægjandi fallvarnir við vinnu stefnanda.

Samkvæmt meginreglu íslensks skaðabótaréttar verður sá sem krefst skaðabóta að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni og að tjónið megi rekja til atvika sem váttryggingartaki eða starfsmenn hans beri ábyrgð á að lögum þannig að orsakatengsl séu á milli tjóns hans og atvika og að tjónið sé sennileg afleiðing hinnar saknæmu háttsemi váttryggingartaka eða starfsmanna hans.

Samkvæmt gögnum málsins og skýrslu stefnanda fyrir dóminum verður ráðið að stefnandi hafi gleymt sér augnablik, stigið út af flatvagninum og dottið við það aftur fyrir sig. Stefnandi hafði unnið hjá stefnda í 20 ár þegar slysið varð og hafði oft flutt og híft steypueiningar á sama hátt og hann gerði umræddan dag og kunni því til verka. Stefnandi var með full ökuréttindi og vinnuvélaréttindi og kvaðst fyrir dómi aldrei hafa notað fallvarnir við vinnu á flatvagni þegar unnið væri í 1,55 metra hæð eins og hann gerði umræddan dag. Þá taldi hann sig hafa fylgt verklagsreglum B. Verður því talið af framburði stefnanda fyrir dóminum að hann hafi haft reynslu og þekkingu á því verki sem hann innti af hendi umræddan dag og hafi því ekki þurft á sérstakri leiðsögn að halda eða að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar. Er því ekkert komið fram um að nokkuð hafi verið athugavert við verklag stefnanda þegar slysið varð og ekki annað ráðið en að það hafi verið framkvæmt með venjubundnum hætti.

Umræddur flatvagn sem stefnandi var að vinna á þegar hann slasaðist er í 1,55 metra hæð frá jörðu. Stefnandi vísar til ákvæða 13., 37. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og telur að stefndi, B, hafi brugðist skyldum sínum gagnvart stefnanda með því að fylgja ekki fyrirmælum laganna og þá einkum með að tryggja ekki fallvarnir. Hvorki í lögum né reglugerðum er mælt fyrir um að notaður sé fallbúnaður í vinnu á flatvagni í þeirri hæð sem stefnandi var við vinnu á umræddan dag, þ.e. 1,55 metra hæð. Þá eru umrædd ákvæði sem stefnandi vísar til almenns eðlis um aðbúnað og öryggi á vinnustöðum. Hefur stefnandi að mati dómsins ekki sýnt fram á að brotið hafi verið gegn þeim við vinnu stefnanda eða gegn ákvæðum 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja sem mælir fyrir um almennar forvarnir á vinnustað til að tryggja öryggi og draga úr áhættu á vinnustað.

Þá verður ekki talið að ákvæði reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð verði beitt um starf stefnanda við vinnu á flatvagni hjá stefnda, B, umræddan dag. Reglurnar eiga við á stöðum þar sem byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerð fer

fram, sbr. a-lið 2. gr. reglnanna. Það fær því ekki staðist að þær gildi um starfsemi sem fram fór hjá stefnda, B, þegar stefnandi slasaðist.

Þá er því hafnað að almenn umsögn Vinnueftirlitsins um slysið og aðstæður á vinnustað stefnda, B, hafi falið í sér ályktun um að brotið hafi verið gegn þeim í tengslum við slyss stefnanda. Skortir í raun alla umfjöllun í umsögn Vinnueftirlitsins um það með hvaða hætti skipulag verkefnis við hífingar eða staðsetning stjórnanda kranans hafi verið ófullnægjandi eða hvaða þýðingu það hafi við mat á fallvörnum að pallurinn var í 1,55 metra hæð. Þá var samkvæmt verklagsreglum stefnanda ekki gert ráð fyrir fallvarnarbúnaði nema unnið væri í hæð yfir 2 metrum.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að orsök slyss stefnanda verði ekki rakin til vanbúnaðar á vinnustað eða ófullnægjandi verklags sem stefndi, B, beri skaðabótaábyrgð á, heldur til óhappatilviks og aðgæsluleysis stefnanda við störf hans umræddan dag. Ber því að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir að málskostnaður á milli aðila falli niður. Dómsmálaráðherra veitti stefnanda gjafsókn 14. febrúar 2022 til að reka mál þetta fyrir héraðsdómi. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist því úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, Guðmundar Sæmundssonar, sem ákveðin er 1.200.000 krónur. Í samræmi við dómvenju er þóknun lögmanns ákveðin án virðisaukaskatts.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndu, B og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. þóknun lögmanns hans, Guðmundar Sæmundssonar, sem þykir hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur.

Ragnheiður Snorradóttir